

144. löggjafarþing 2014–2015.  
Þingskjal 754 — 356. mál.  
2. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um fjársýsluskatt, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um búnaðargjald, með síðari breytingum (samræming og einföldun).

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

1. mgr. 98. gr. laganna orðast svo:

Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið álagningu á skattaðila skal hann senda hverjum skattaðila tilkynningu þar sem tilgreindir eru þeir skattar sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal ríkisskattstjóri í stað auglýsingar skv. 2. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi. Þá skal ríkisskattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisendurskoðanda.

### Greinargerð.

Með breytingartillögunni er lagt til að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af, í þeirri mynd sem hún er nú. Tillagan er lögð fram samhliða framlagningu þingsályktunartillögu um útgáfu ópersónugreinanlegra upplýsinga um skattgreiðslur landsmanna (þskj. 755 í 468. máli).